

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breytingar á deiliskipulagi Hagahverfis – Naustahverfi, 3. áfangi.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 11. maí 2016 samþykkt tvær deiliskipulagsbreytingar fyrir Hagahverfi.

Breyting er gerð á lóð nr. 1 við Matthíasarhaga sem felur í sér að nýtingarhlutfall hækkar úr 0,40 í 0,45. Gert er ráð fyrir fjögurra íbúða fjölbýlishúsi í stað par- eða raðhúss.

Breyting er gerð á lóð nr. 5 við Geirþrúðarhaga sem felur í sér að byggingarreitur stækkar um 1,5 m til austurs.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 12. maí 2016,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2016